

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

233. fundur Skipulags- og umhverfísráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **6. mars 2014**, kl. **17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Laxahvammur-Veiðihús, breyting á innra skipulagi.
2. Erindi: Stóra-Ásgeirsá, leyfi til að breyta hluta jarðarinnar í húsdýragarð.
3. Erindi: Jörfa, breyta innra skipulagi hæðar yfir mjólkurhúsi í framleiðslu fyrir matvæli.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi: Hafnarbraut 3, breyta innra skipulagi rýmis 0106 úr verslun og rafmagnsverkst. í veitingastað.
5. Erindi: Skógræktarfélag Vestur-Húnvetninga, klæða húsið Saurar að utan með Serpo múrklæðningu.
6. Erindi: Erindi frá sveitarstjóra fyrir hönd byggðarráðs frá 3. mars s.l.

Afgreiðslur:

1. Laxahvammur-Veiðihús, lnr.144087, Veiðifélag Miðfirðinga, kt.680269-2629, Fosshól, 531 Hvammstanga, sækir, með erindi dags 26. febrúar 2014, um leyfi til að breyta innra skipulagi hússins. Bæta á salernisaðstöðu fyrir hreyfihamlaða.

Skipulags- og umhverfísráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Ráðið vill árétta að sækja skal um byggingarleyfi áður en framkvæmdir eru hafnar.

2. Stóra-Ásgeirsá, lnr.144636, Magnús Ásgeir Elíasson, kt.180384-2199, Stóru-Ásgeirsá, 531 Hvammstanga, sækir, með erindi dags 27. febrúar 2014, um leyfi til að breyta hluta af jörðinni ca. 12 ha. fyrir ferðapjónustu og húsdýragarð á jörðinni Stóru-Ásgeirsá. Samþykki meðeiganda liggur fyrir. Skipulags- og umhverfísráð frestar erindinu þar til umsögn Minjastofnunar liggur fyrir.

3. Jörfi, lnr. 144617, Ægir Jóhannesson, kt.301067-5269, Jörfi, 531 Hvammstanga, sækir, með erindi dags 27. febrúar 2014, um leyfi til að breyta efri hæð mjólkurhúss í framleiðslurými fyrir matvæli. Skipulags- og umhverfísráð frestar erindinu.

Tekið á dagskrá:

4. Hafnarbraut 3, lnr.179736, Hlaðan ehf., kt. 610110-1260, Hvammstangabraut 37, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags 3. mars 2014, um leyfi til að breyta innra skipulagi hússins, rými 0106 úr verslun og rafmagnsverkstæði í veitingastað. Skipulags- og umhverfísráð frestar erindinu.

5. Saurar, lnr.144149, Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarfélag Vestur-Húnvetninga, kt. 600269-3809, Hvammstangabraut 32, 530 Hvammstanga, sækir, með erindi dags. 3. mars 2014, um leyfi til að klæða húsið Saurar að utan með SERPO múrklæðningu, engar útlitsbreytingar verða að öðru leiti. Skipulags- og umhverfísráð samþykkir erindið.

6. Lagt fram bréf dags. 4. mars 2014 frá Skúla Þórðarsyni Sveitarstjóra f.h. byggðarráðs Húnaþing vestra frá 3. mars s.l. þar sem beðið er um umsögn skipulags- og umhverfísráðs á ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og umhverfísráð leggur til að nýræktun skóga sé framkvæmdaleyfisskyld. Leitast skal við að nýta ekki ræktað land eða auðræktanlegt land undir skógrækt.

Skipulags- og umhverfísráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign.),
Unnsteinn Andrésson (sign.),
Pétur Arnarsson (sign.), slökkviliðsstjóri,

Fundi slitið kl.19:20

Erla Kristinsdóttir (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),
Víglundur Gunnþórsson (sign.),